

Fundargerð stjórnar

61. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 8. júní, 2005 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir: Einar Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Rekstrarmál

a) Lántökur vegna bílakaupa.

Vegna góðrar reynslu á Renault slökkvibílum er samþykkt að kaupa bílinn sem hefur verið á leigu. Bílinn hefur verið í notkun í Reykholti undanfarna mánuði. Samþykkt heildarlántaka hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á Renault slökkvibílum, kr. 33 millj.

Höfuðstóll lánsins verður lækkaður þegar virðisaukaskattur fæst endurgreiddur samkvæmt reglum Fjármálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga.

b) Bréf frá InPro varðandi einkavæðingu slökkviliða, dags. 15. mars 2005

(Mál nr. 1 á 60. fundi stjórnar.)

Við núverandi aðstæður telur stjórnin ekki tímabært að einkavæða starfsemi Brunavarna.

Stjórn BÁ þakkar áhuga InPro fyrirtækisins á rekstri og málefnum brunavarna á svæðinu.

c) Lagðar fram fundargerðir LN.

Lagðar fram fundargerðir nr. 20, 21, 22, og 23 Launanevndar sveitarfélaga sem varða málefni slökkviliða.

Til kynningar.

d) Slökkviliðsstjóri gerir grein fyrir helstu reglugerðabreytingum sem í vændum eru varðandi brunamál. Breytingarnar voru kynntar á ráðstefnu BR með slökkviliðsstjórum á Egilsstöðum 28. apríl s.l.

Fram kom að töluvert margar breytingar eru væntanlegar sem auka vægi slökkviliða samhliða kostnaðaraukningu sveitarfélaga.

Stjórn BÁ skorar á stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að fylgjast vel með þróun þessara mála og tryggja það að ef um kostnaðaraukningu verði að ræða fylgi því tekjustofnar eða aðrar tekjur.

e) **Bréf frá SUT ehf. varðandi sölu á notuðum slökkvibílum. (ódags.)**

Stjórn BÁ þakkar tilboðið en telur ekki efni til frekari skoðunar á erindinu að sinni.

f) **Erindi frá bæjarráði Árborgar varðandi rekstarmál í tengslum við hugsanlegar sameiningar slökkviliða. Dags. 21. janúar 2005.**

Til kynningar.

g) **Bréf frá Braga Sverrissyni og Sverri Andrésyni varðandi sölu á húseign við Hrismýri 6 Selfossi (Hvíta húsið) fyrir slökkvistöð, dags. 14. mars 2005.**

Stjórn BÁ þakkar tilboðið en telur að húsið henti ekki fyrir starfsemina og telur því ekki efni til frekari skoðunar á erindinu.

h) **Björgunarmiðstöð ? Slökkviliðsstjóri greinir frá því helsta sem fram hefur komið í umræðunni.**

Undanfarnar vikur hafa málefni svæðisins við slökkvistöðina á Selfossi verið í umræðu innan stjórnkerfis Árborgar. Tilefnið er fyrirhuguð viðbygging Björgunarfélags Árborgar við hús félagsins að Austurvegi 54. Fundir hafa verið haldnir um málið þar sem m.a. hafa verið ræddir möguleikar á einni björgunarmiðstöð á Selfossi sem hýst getur slökkvilið, björgunarsveit og e.t.v. fleiri aðila tengdum þessum geira. Málið er enn á vinnslustigi.

i) **Drög af samningi um gagnkvæma aðstoð slökkviliða í Árnessýslu.**

Stjórnin samþykkir drögin.

2. **Samstarfsviðræður.**

Slökkviliðsstjóri gerir grein fyrir framvindu mála í tengslum við hugsanlegan samruna slökkviliðs Gnúpverja við BÁ.

Stjórn BÁ styður áform sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps um sameiningu við BÁ og vonar að samningar náist sem allir aðilar geti sætt sig við. Ef slökkvilið Gnúpverja gengur til samstarfs við BÁ hvetur stjórn til áframhaldandi samstarfs við slökkvilið Hraunamannahrepps hvað varðar æfingar og útköll. Samtakamáttur slökkviliða styrkir allt svæðið í Árnessýslu.

3. Málefni sjúkraflutninga

Formaður greinir frá vinnu sem fram hefur farið á vegum sveitarfélagsins Árborgar og sl.stjóri greinir frá því helsta sem komið hefur fram í umræðunni síðustu vikur.

Fram kom að bæjarstjórn Árborgar setti á laggirnar nefnd sem skildi hafa það verkefni að skoða kostnaðarþátt sveitarfélagsins ef um tilflutning yrði að ræða frá lögreglu til Brunavarna Árnassýslu. Nefndin hefur kallað fulltrúa heilbrigðisráðuneytis til fundar um málið og ráðið til sín ráðgjafa til að kostnaðarreikna vegna tilflutningsins.

Formaður greindi frá bréfi til BÁ frá heilbrigðisráðuneytinu dagsett 13 maí, 2005 þar sem farið er fram á viðræður um málið. Þegar kostnaðarreikningur liggur fyrir mun verða kallað til sameiginlegs fundar fulltrúa stjórnar BÁ og nefndar Árborgar.

Slökkviliðsstjóri sagði frá athugunum sínum hjá slökkviliðsstjórum þeirra slökkviliða sem annast sjúkraflutninga, Slökkviliði höfuðborgarsvæðis, Brunavörnum Suðurnesja, Akureyrar, Ísafjarðar og Skagafjarðar.

4. 30 ára afmælisumræða

Umræður um afmælisár BÁ.

Samþykkt að færa árlegt “Opíð hús” slökkviliðsins á 17. júní sem verið hefur að Austurvegi 52, á plan Hótel Selfoss og gera heldur meira úr sýningunni en verið hefur.

Rætt var um fyrirhugaða formlega móttökuhátíð í uppsveitum í tengslum við nýja slökkvibíla. Slökkviliðsstjóra falið að finna heppilegan dag í samráði við varðstjóra.

5. Önnur mál

a) Erindi frá sýslumanni Árnassýslu þar sem hann boðar til umræðna um starfsdag lögreglu og slökkviliðs.

b) **Útköll í maí.**

Slökkviliðsstjóri greindi frá óvenju mörgum útköllum slökkviliðs í maímánuði.

Slökkviliðið var kallað út 14 sinnum þennan mánuð

Helstu ástæður eru sinueldar vegna óvenju mikilla þurrka síðustu vikur. Einnig var útkall vegna elds í Hólmarastarhúsinu á Stokkseyri, það var viðamesta útkallið.

c) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að tilkynning hafi komið í dag um að húsnæði það sem BÁ hefur leigt undir körfubílinn verði selt í næsta mánuði.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.00

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson